

Fylgiskjal 20

Til Skipulagsstofnunar ríkisins

Skorrastað, Norðfirði 22. jan 2009

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu vegna veglagningar að Norðfjarðargöngum.

Undirritaður, eigandi og ábúandi jarðarinnar Skorrastaðar 3 í Norðfirði vill lýsa ánægju sinni með þá fyrirætlan um að ráðist verði í Norðfjarðargöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Ég vil taka það fram að þetta er að mínu mati þörf framkvæmd og löngu tímabær. Það verður hins vegar ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að slík göng krefjast fórna á landi, umhverfi og ýmsum lífsgæðum norðfirðinga öðrum en þeim sem felast í samgöngubótinni. Þetta samþykki mitt byggir á því að fórna minni hagsmunum (þ.e.a.s. mínum) fyrir meiri (þ.e.a.s. almennings). Ég áskil mér því rétt til ásættanlegra fébóta á grundvelli þessara hagsmuna fyrir almenning auk þess sem leitað verði allra leiða til mótvægisáðgerða vegna áhrifa vegarins og lagningar hans á mig sem landeiganda og landnotanda.

Fébætur:

Staðarháls og Hólaströnd er að langmestum hluta hrein og óspillt náttúruparadís. Það kemur alls ekki fram með nógu skýrum hætti í matsskýrslu Vegagerðar Ríkisins. Þarna er náttúrulegur kjarrgróður, votlendi, áreyrar, mólendi, skriður, berjalautir og graslendi með tilheyrandi fuglalífi sem er enn ríkulegra en skýrslan gefur til kynna. Í 6. kafla skýrslunar er sagt að svæði það sem veglínan fer yfir sé mikið gróið en fullyrða má að á leið 1 B sé svæðið algróið og afar gott sauðland. Land þetta hefur undirritaður notað til sauðfjárbættis allan sinn búskap og gerir enn. Þá hefur hann og fjölskylda hans notað landið til útivistar og myndað tengsl við það. Allt þetta svæði er frábært útivistarsvæði og tilvalið til slíkra nota. Einnig hafa eigendur möguleika á að nýta landið til sumarhúsa byggðar á margvíslegan hátt. Þá er það að nefna að byggðarlagið okkar, Norðfjörður, hefur takmarkað landrými þegar til lengri tíma er litið og landið mun bara aukast að verðmæti er tímar líða. Land þetta býður líka upp á búfjárbættis, ræktun (t.d. gras-, bygg-, hampræktun) æðarvarp, útivistargarð o.fl. **Með veglagningu um svæðið þá er sumum þessum möguleikum á landnýtingu varpað fyrir róða en aðrir takmarkaðir verulega.**

Sem eigandi jarðarinnar Skorrastaða 3 þá samþykki ég fyrir mitt leiti að vegur verði lagður yfir land mitt sunnan Norðfjarðarár í Staðarhálsi og á Hólaströnd **með því skilyrði að ásættanlegar fébætur komi fyrir allt það land sem undir veginn fer sem og takmörkun á framtíðar notkunarmöguleikum á landi og á aðliggjandi áhrifasvæði vegarins.** Áhrifasvæði vegarins tel ég vera frá línu dreginni eftir endilangri hábungu Staðarháls og öllu Hólafjalli að Norðfjarðará. Norðfjarðaráin sjálf er svo að hluta til í minni eigu og hef ég af henni nokkrar tekjur enda er hún með bestu silungsveiðiam á Íslandi. Þá lýsi ég framkvæmdaðila ábyrgan fyrir tjóni því sem ég

kann að verða fyrir vegna skemmda á silungsánni og slíkar hugsanlegar skemmdir verði metnar ef til þeirra kemur og mér bætтар þær að fullu.

Mótvægisáðgerðir og samskipti:

Þar sem leið 1B er líklegust til að verða valin þá set ég sem landeigandi fram þá kröfu að girt verði meðfram veginum sauðfjárheld girðing og séð verði til þess með undirgöngum eða á annan hátt að hægt sé að komast hættulaust yfir/undir þjóðveginn með búfé, ríðandi og gangandi. Eðlilegt væri að slík göng væru á a.m.k tveimur stöðum á veglínunni sunnan Norðfjarðarár.

Varðandi Norðfjarðarána þá fer ég fram á að gætt verði allrar varúðar við veglagninguna og ég sem landeigandi fái að koma að öllu skipulagi á veglagningunni og hafi umsagnarrétt um það skipulag. Eins krefst ég að hámarks eftirlit verði við framkvæmdina og ég fái að koma að því eftirliti sem hagsmunaaðili. Þá krefst ég þess að þeir verktakar sem koma til með að vinna við veglagninguna verði rannsakaðir vandlega með það í huga að forðast að ráða verktaka sem þekktir eru að lélegri umgengni hvort sem er við malarnám, vegagerð eða önnur verkefni.

Í kafla 6.8.6. í matsskýrslu er rætt um endurheimtur á votlendi í stað þess sem tapast og kemur mér verulega á óvart að fyrsti kostur við þessa endurheimtur skuli ekki vera í Staðarhálsi þar sem nokkurt votlendi hefur verið ræst fram. Þetta votlendi er næst skerðingarstaðnum og í eigu sömu aðila og verða fyrir landtjóni af völdum vegarins. Einnig mætti endurheimta votlendi í Oddsdal sem einnig er í eigu sömu landeigenda. Set ég fram þá kröfu sem landeigandi að þessir kostir verði skoðaðir.

Malarnám það sem fyrirhugað er í árfarvegi Norðfjarðará er óásættanlegt m.t.t. árinna og umhverfis hennar. Leita verður annarra leiða til að nálgast fyllingarefni í veginn s.s. malarnám úr stóru framhlaupi skammt frá fyrirhuguðum gangnamuna eða nota það grjót sem fellur til við gangnagerðina sjálfa. Skoða mætti einnig hönnun vegarins m.t.t. lágmörkunar á efnismagni.

Önnur atriði:

Áhrif fyrstu brúargerðar yfir Norðfjarðará varð þess valdandi að áin breytti landamerkjum utan brúarstaðisins auk þess sem hún hefur leitt af sér verulegt landbrot sem enn er í gangi allt til stórtjóns fyrir landeigendur Skorrastaðabæjanna. Undirritaður hefur bent á þetta bréfleiðis og hefur þetta verið viðurkennt af hálfu vegagerðarinnar. Fari vegagerðin í framkvæmdir á þessu svæði er það eðlileg krafa landeigenda á Skorrastað að það sem miður fór í eldri brúargerð verði lagfært og komið í upprunalegt horf og landtjón bætt. Einnig verði þess vandlega gætt að ný brúargerð leiði ekki af sér breytingu á landamerkjum né frekara landbrot eða tjón fyrir landeigendur á þessu svæði.

Virðingarfyllst:

Þórður Júlíusson

Landeigandi Skorrastaðar 3 740 Norðfirði